



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: krokur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349 • Vasknr: 60077

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1700
komudagur 21.2.2013

Skagafjörður, 21. febrúar 2013
nr. erindis 1302021 HSB

Á 618. fundi Byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar 21. febrúar 2013 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Frá nefndasviði Alþingis

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur nefndasviði Alþingis þar sem atvinnuveganefnd Alþingis óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög) mál nr.570.

"Mikilvægt er að kveðið sé á um það í lögum að nytjastofnar við Ísland séu í óskoraðri þjóðareign og að réttur sjávarbyggða og íbúa þeirra verði tryggður gagnvart nýtingu auðlindarinnar. Þá þarf að vera tryggt að atvinnugreininni sé búið nauðsynlegt rekstraröryggi ásamt því að gætt sé að hagkvæmnissjónarmiðum í þeirri umgjörð sem sjávarútvegi er búið af hálfu stjórnvalda.

Byggðaráð Skagafjarðar leggur áherslu á að ekki verði gerðar neinar þær breytingar á lögum er varða sjávarútveg, sem er ein mikilvægasta atvinnugrein héraðsins, er orðið geti til að veikja stöðu byggðalagsins. Grundvallar markmið lagabreytinga þarf að vera að styrkja veiðar og vinnslu í sjávarbyggðum og auka búsetuöryggi á svæðum sem byggja afkomu sína að stóru leyti á sjávarútvegi.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar gerir alvarlegar athugasemdir við þann skamma fyrirvara sem gefinn er til umsagnar um frumvarpið. Einnig eru gerðar athugasemdir við að með frumvarpinu sé ekki lögð fram heildstæð úttekt á fjárhagslegum og/ eða samfélagslegum áhrifum þess líkt og gert er ráð fyrir í 129. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011."

Stefán Vagn Stefánsson
Bjarni Jónsson
Jón Magnússon
Sigurjón Þórðarson
Þorsteinn Tómas Broddason



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: krokur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349 • Vasknr: 60077

Sigurjón Þórðarson leggur fram eftirfarandi bókun: Frumvarpið felur í sér að festa núverandi veiðistjórnun í sessi næstu áratugina þrátt fyrir þá staðreynd að kvótakerfið hafi leitt yfir þjóðina mun minni botnfiskafla frá upptöku þess en fyrir daga þess.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar



Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari